

Nr. 101 / 09 Flugaldan ST 54**Skipverji slasast við línudrátt**

Skipaskr.nr. 2754
Smíðaður: Hafnarfirði 2007 plast
Stærð: 11,15 brl. 14,91 bt.
Mesta lengd: 12,35 m Skráð lengd: 11,37 m
Breidd: 3,72 m Dýpt: 1,4 m
Vél: Yanmar 368 kW, 2007
Fjöldi skipverja: 3



Flugaldan ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrslur
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 15. febrúar 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 2. ágúst 2009 var Flugaldan ST 55 að línuveiðum á Fjöllunum um 90 sml SV af Reykjanesi. Veður: Logn og ládautt.

Verið var að draga lúðulínu (haukalóð) á 300 faðma dýpi og var dráttarþungi mjög mikill svo dráttur stöðvaðist. Skipverji sem var á rúllunni og sá um dráttinn var að snúa taum á einum króknum ofan af línunni þegar dráttur fór aftur af stað. Hann var of seinn að sleppa og lenti vinstri hendi hans undir línunni á rúllunni.

Óskaði skipstjóri eftir aðstoð björgunarskips en sigldi síðan til Grindavíkur með slasaða.

Við rannsókn kom fram:

- að slasaði taldi að festa hafi stöðvað línudráttinn frekar en þungi og hann ekki gætt að sér þegar los kom á línuna;
- að fullt afl var á spilinu og átak því mikið þegar drátturinn stöðvaðist;
- að rúllumaðurinn var að gera taumana klára og afbeita króka áður en þeir voru réttir til beitningamanns sem leggur línuna niður í kör og beitir króka í stokka áföstum körunum;
- að taumar eru um einn metri að lengd með stórum O-krókum.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var aðgæsluleysi slasaða þ.e. að hafa ekki vara á sér þar sem ljóst var að spilið gæti hvenær sem er farið af stað aftur.